

Ytra mat grunnskóla

Skýrsla með umbótaáætlun skóla

Grunnskólinn

Í Hofgarði

janúar 2020

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og sveitarfélagið Hornafjörð

Höfundar: Hanna Hjartardóttir og Svanhildur M. Ólafsdóttir

© Menntamálastofnun, 2020.

Efnisyfirlit

Innihald

Efnisyfirlit.....	3
Samantekt niðurstaðna	4
Upplýsingar um Grunnskólann í Hofgarði	5
Niðurstöður	6
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	6
1.1 Samvirkni í stefnumótun	6
1.2 Faglegt samstarf og samræða	6
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	7
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	7
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	7
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	8
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	8
Þáttur 2 – Nám og kennsla	12
2.1 Inntak og námskrá	12
2.2. Árangur náms	12
2.3 Gæði kennslu	12
2.4 Skipulag náms.....	12
2.5 Námsvitund	13
2.6 Ábyrgð og þátttaka	13
Þáttur 3 – Innra mat	17
3.1 Skipulag.....	17
3.2 Framkvæmd.....	17
3.3 Umbætur	17

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Grunnskólanum í Hofgarði sem sveitarfélagið Hornafjörður rekur í Öræfasveit, matið fór fram á vorönn 2020. Lagt var mat á þrjá fyrir fram ákveðna matsþætti sem eru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla* og *innra mat*. Ekki kom fram ósk frá skóla eða sveitarfélagi um fjórða matsþáttinn. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Upplýsingar um Grunnskólann í Hofgarði

Skólinn er á Hofi í Örfum, sveitinni milli tveggja sanda, í sveitarfélaginu Hornafirði. Hinn grunnskóli sveitarfélagsins, Grunnskóli Hornafjarðar er í 120 km fjarlægð í austurátt. Næsti skóli í vesturátt er Kirkjubæjarskóli í Skaftárhreppi en þangað eru 110 km.

Grunnskólinn í Hofgarði er samrekinn leik- og grunnskóli og er dreifbýlisskóli þannig að allir nemendur koma með skólabílum. Vegna fámennis er mikil samkennd en skólinn er staðsettur í fjölnota húsi sem einnig er samkomuhús.

Einkunnarorð skólans eru *virðing, vinátta, jákvæðni og metnaður*.

Í skólanum eru 4 nemendur á vorönn 2020. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	1			1			1			1

Starfsmenn Grunnskólans í Hofgarði eru fimm. Skólastjóri, einn kennari í fullu starfi annar í tæplega 40% starfi en það er kennari sem er á vegum Tröppu (fyrirtæki sem sérhæfir sig í þjónustu við skóla og sveitarfélög í kennslu og ráðgjöf) og sinnir kennslunni alfarið sem fjarkennslu. Þá er einn leiðbeinandi í 15% starfi sem íþróttakennari en sami aðili er einnig matráður skólans í 60% starfi. Þá er einn starfsmaður í 50% starfi sem sér um ræstingu og húsvörslu.

Þjónusta talmeinafræðings og sálfræðings er veitt af Skólaskrifstofu Hornafjarðar þegar á þarf að halda.

Enginn nemandi er tvítyngdur og ekki er um að ræða skilgreinda sérkennslu og enginn nemandi hefur einstaklingsnámskrá.

Á haustönn voru ekki felldar niður kennslustundir að öðru leyti en því að tvo daga var ekki hægt að starfrækja skólann vegna veðurs.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Grunnskólinn í Hofgarði er afar fámennur skóli en þar voru skráðir sex nemendur á haustönn en fjórir á vorönn þegar matið fór fram. Aðstæður þar eru því um margt ólíkar því sem fjölmennari skólar búa við. Það kom fljótt fram í ytra mati að nokkrar vísbendingar sem stuðst er við í matinu áttu ekki við og var það einkum í köflum um stjórnun. Þar af leiðir að ytramats skýrslan verður styttri en venjulegt er. Rætt var við alla starfsmenn (utan einn sem var fjarverandi), alla nemendur og foreldra þeirra nemenda sem voru í skólanum þessa daga.

Vegna fámennis eru ekki birt súlurit yfir námsathafnir og kennsluáherslur eða myndrænar niðurstöður samræmdra könnunrprófa og Lesferils.

Þess má geta að þetta er fyrsta ár skólastjórans við stjórnun en hann hefur verið kennari við skólann um árabíl og þekkir því vel allar aðstæður. Aðalkennari skólans var að mæta til starfa í haust eftir 10 ára hlé.

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Sýn skólans endurspeglar áherslu á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum. Skólanámskrá er opinber og uppfyllir að mestu viðmið aðalnámskrár en þarfnast endurskoðunar. Starfsáætlun er samkvæmt viðmiðum aðalnámskrá og er birt á heimasíðu. Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfi og stefna skólans svo sem einstaklingsmiðun og fjölbreytni í kennsluháttum er sýnileg í starfsháttum.

Stefna skólans hefur ekki verið endurskoðuð nýlega svo sem Uppeldi til ábyrgðar og einkunnarorðin *virðing, vinátta, jákvæðni, metnaður* og gildi þeirra og hefur ekki verið markvisst kynnt fyrir nemendum og foreldrum. Þó var boðið upp á námskeið fyrir foreldra í leik- og grunnskóla í Uppeldi til ábyrgðar á liðnu hausti. Þegar skoðuð er skólanámskrá og í viðtölum kom fram að áhersla skólans í dag er ekki síst að nýta sér menningu og tækifæri sem samfélagið býður upp á. Farið er í vettvangs- og fræðsluferðir þar sem nemendur upplifa umhverfið á fjölbreyttan hátt, fræðast um örnefni, gróður og dýralíf og unnið að margvíslegum verkefnum.

Skólastjóri og starfsmenn leggja áherslu á jákvæðni í skólastarfinu.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti fer fram reglulega meðal starfsmanna með óformlegum hætti. Fundaáætlun fyrir árið eða önnina er ekki til staðar eða reglulegir, faglegir fundir haldnir þar sem árangur og aðferðir eru ræddar. Hins vegar eru óformlegir fundir daglega í þessum fámenna hópi og þar m.a. rætt um fagleg málefni. Á hverri önn eru samráðsfundir allra starfsmanna leik- og grunnskóla og fundir starfsmanna grunnskólans öðru hverju.

Unnið er með niðurstöður um framfarir nemenda og líðan þeirra til að efla starf skólans og skólastjóri og kennarar geta fengið ráðgjöf og leiðbeiningar frá Skólaskrifstofa Hornafjarðar.

Að mati fulltrúa í rýnihópum einkenna lýðræðisleg vinnubrögð samstarfið í skólanum. Í skólanámskrá kemur fram að ekki er til formleg símenntunaráætlun en starfsmenn nýta sér þá fræðslu sem Skólaskrifstofa Hornafjarðar og Grunnskóli Hornafjarðar bjóða upp á. Fram kom í viðtölum við starfsmenn að þeir fá bæði svigrún og hvatningu til starfsþróunar.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Skólastjóri stuðlar að jákvæðum tengslum við foreldrasamfélagið, formlegum sem óformlegum og vinnur að því að skapa skólanum jákvæða ímynd í skólasamfélaginu. Það gerir hann m.a. með því að bjóða öllum í sveitarfélaginu á þorablót og árshátíð skólans.

Skólastjóri efnir reglulega til formlegra og óformlegra funda með foreldrum og leitað er þá eftir sýn og hugmyndum þeirra til eflingar skólastarfinu, einnig með könnunum.

Skólinn nýtir stoðþjónustu frá sveitarfélaginu Hornafirði en að mati foreldra mætti gjarnan kynna stoðþjónustuna betur.

Fram kom í viðtölum við fulltrúa allra hagsmunaaðila að Facebook síða þessa hóps er vel nýtt til að dreifa upplýsingum, bæði frá skóla og einnig koma foreldrar þar með spurningar og ábendingar.

Fulltrúar í skólaráði eru taldir upp á heimasíðu skólans og þeir eru kjörnir til tveggja ára en ráðið hefur ekki verið virkt og ekki komið saman til fundar á þessu skólaári. Fulltrúar þess komu hins vegar í viðtal við matsmenn. Í skólaráðinu eru ekki fulltrúar nemenda.

Mikil samskipti eru við grenndarsamfélagið. Má þar nefna samstarf við Grunnskóla Hornafjarðar, Tónskóla Hornafjarðar, Þjóðgarðinn í Skaftafelli og Þórbergsetur auk þess sem ýmsar ferðir eru farnar svo sem í Jökulsárlón og Ingólfshöfða. Þá er farið með nemendum á söfn í tengslum við sundnámskeið sem haldin eru í apríl og maí í sundlauginni á Höfn.,

Samstarf við Tónskólann er á þann hátt að einu sinni í viku kemur kennari þaðan og nemendum býðst að fá kennslu á ýmis hljóðfæri. Eðli málsins samkvæmt eru samskipti við leikskólann mikil þar sem um samrekinn leik- og grunnskóla er að ræða. Samskipti við Framhaldsskólann í A-Skaft. eru ekki skráð.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Skólastjóri og kennarar vinna með niðurstöður mats og mælinga um árangur skólastarfsins og rýnt er í þær og unnið meðtil framfara. Ekki er til skráð ferli um það hvernig kannanir og skimanir eru nýttar í skipulagi kennslu. Að mati starfsmanna geta þeir fengið ráðgjöf og stuðning við einstök málefni frá Skólaskrifstofu Hornafjarðar.

Í skólanámskrá er skráð verklag við að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra og nemenda.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Ýmsar upplýsingar eru um skólastarfið á heimasíðu skólans en þó kom fram í rýnihópum að hún er lítið nýtt í skólasamfélaginu og hana þarf að uppfæra. Eins og áður kom fram er FB-síðan meira notuð.

Starfsfólk er sátt við hvernig daglegt starf er skipulagt og fram kom í viðtölum að það er jákvætt viðhorf til skólastjóra.

Skólareglur og viðbrögð við þeim eru til staðar en nemendur og foreldrar hafa ekki komið að gerð þeirra eða endurskoðun. Skólareglurnar þarfnast endurskoðunar vegna viðurlaga í samræmi við reglugerð nr 1040/2011.

Nú er aðeins einn nemandi á unglíngastigi og því ekki kostur á að vera með sérstakar valgreinar. Hins vegar er reynt að koma til móts við áhugasvið nemenda í list- og verkgreinum sem eru sjö kennslustundir á viku fyrir alla nemendur. Fram kom í viðtölum að nemendur á unglíngastigi eiga kost á að vera í Grunnskóla Hornafjarðar og þeim þá sköpuð aðstaða til þess svo sem með dvöl alla virka daga hjá fjölskyldu á Höfn.

Fylgst er vel með að aðbúnaður skóla sé öruggur, svo sem leiktæki og brunavarnir en að sögn nemenda hefur þeim ekki verið kynnt netöryggi. Þegar ný persónuverndarlög töku gildi voru þau til kynningar og umræðu í skólanum en verktakar eða aðrir sem vinna tímabundið í skólanum skrifa ekki undir skjal varðandi trúnað og þagnarskyldu.

Fram kom í samtali við skólastjóra að húsnæði skólans er nýtt til margvíslegra nota á vegum íbúa í sveitarfélaginu, próftaka hjá háskólanemum, erfisdrykkjur, o.fl. Því gæta starfsmenn þess vel að verkefni og skjöl sem lúta að nemendum séu ávallt á öruggum stað.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Skólastjóri og kennarar reyna að skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra nýtist sem best. Skólastjóri gætir hagsmuna starfsfólks, segir frá og kynnir nýjum starfmönnum sérstöðu skólans og skólasamfélagsins.

Starfsþróunarsamtöl fara fram árlega og skráðar eru niðurstöður. Í viðtölum við starfsfólk kom fram að þeim er hrósað fyrir störf sín. Þar sem skólastjóri hefur mikla kennsluskyldu (17 tímar) fylgist hann vel með námi og kennslu.

1.7 Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og hvetja aðra starfsmenn til starfsþróunar. Í viðtölum við starfsfólk kom fram að því finnst það njóta trausts og hafa möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum.

Í viðtali við skólastjóra kom fram að hann telur að starfsmannskipti veiti oft nýja sýn og hefur sjálfur tileinkað sér ýmislegt frá fyrrverandi skólastjórum. Þannig hafi hann tileinkað sér sýn og stefnur þeirra þegar hann tók við starfinu í haust.

Styrkleikar

- Starfsáætlun er samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár og er birt á heimasíðu skólans.
- Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfi.
- Sýn skólans endurspeglar rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum
- Ígrundun og gagnrýnin samræða um skólastarfið fer fram reglulega milli starfsmanna.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna starfið í skólanum.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss og fjölbreytt.
- Samskipti við foreldra eru góð og gagnvirk.
- Niðurstöður mats og mælinga eru markvisst nýttar til umbóta.
- Fylgst er með að aðbúnaður skóla sé öruggur.
- Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða þarf stefnu skólans og skólanámskrá, þ.m.t. skólareglur, með öllum hagsmunaaðilum.
- Vinna þarf með og gera sýnilegri einkunnarorð skólans.
- Gera fundaáætlun til annarinnar eða ársins, bæði kennara- og starfsmannafundi.
- Kynna enn betur fyrir foreldrum stoðþjónustu skólans og sveitarfélagsins.
- Skrá í skólanámskrá hvernig samstarfi við framhaldsskóla er háttað.
- Skrá verklag hvernig gögn um árangur og líðan, kannanir og skimanir eru nýtt í skipulagi kennslu til að efla árangur nemenda.
- Uppfæra þarf heimasíðu skólans reglulega.
- Sjá til þess að allir verktakar og aðrir sem vinna tímabundið í skólanum skrifi undir skjal um trúnað og þagnarskyldu.
- Virkja skólaráð til starfa skv. reglugerð þar um.

Umbætur:

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu ¹	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið I - Stjórnun og fagleg forysta²</u>					
<ul style="list-style-type: none"> Endurskoða stefnu skólans og skólanámskrár, þ.m.t. skólareglur, með öllum hagsmunaaðilum 	Skólanámskrá hefur verið endurskoðuð, einnig hafa skólareglur verið endurskoðaðar og þeim breytt svo og stefna skólans.	Okt 2019	Mars 2020	Skólastjóri og kennari	2021 – 2022 verður stefna skólans og skólanámskrá uppfærð í samræmi við ný markmið
<ul style="list-style-type: none"> Einkunnarorð skólans 	Kynnt fyrir nemendum, foreldrum og starfsmönnum. Verður lokið í maí 2020.	Mars 2020	Apríl 2020	Skólastjóri – kennari-nemendur	Haust 2020 kynnt foreldrum, nem. og starfsmönnum
<ul style="list-style-type: none"> Fundaáætlun til annarinnar og ársins 	Lokið: tilbúin fundaráætlun fyrir þetta og næsta skólaár.	Feb. 2020	feb.2020	Skólastjóri	Endurmat haust 2020
<ul style="list-style-type: none"> Stoðþjónusta Sveitarfélagsins 	Lokið: stoðþjónusta var kynnt á foreldrafundi í febrúar.	Feb.2020	Feb.2020	Skólastjóri	Kynnt reglulega á foreldrafundum haust og vor
<ul style="list-style-type: none"> Samstarf við framhaldsskóla 	Lokið: Búið að skrá í skólanámskrá hvernig samstarf við framhaldsskóla er og verður háttað.	Mars 2020	Mars 2020	Skólastjóri	Næst þegar það verður nemandi í 10. bekk við skólann
<ul style="list-style-type: none"> Verklag um árangur og líðan og kannanir og skimanir til að efla árangur nemenda 	Í sjálfsmatsskýrslu skólans kynnum við hvernig unnið er með þær kannanir um árangur í námi og líðan nemenda og fleira sem er verið að meta hverju sinni.	Haust 2019	Apríl 2020	Skólastjóri og kennari	Haust 2020 – vor 2021 – þá verða lagðar kannanir fyrir nemendur,

¹ Skólar gætu einnig viljað leggja áherslu á að þróa og viðhalda styrkleikum.

² Bætið við línum eftir þörfum.

	Sérstaklega er fjallað um umbætur í sjálfsmatskýrslu.				foreldra og starfsfólk
• Heimasíðan	Heimasíðan verður uppfærð nú í mars og mun svo áfram uppfærð reglulega.	Haust 2019	Vor 2020	Skólstjóri og kennari	Skólaárið 2021-22
• Þagnarskylda	Búið að útbúa eyðublað um þagnarskyldu þar sem allir sem vinna í Hofgarði skrifa undir.	Jan 2020	Feb 2020	Skólastjóri	Allir skrifa undir eyðublað um þagnarskyldu sem koma að vinnu í skólanum
• Skólaráð	Búið er að stofna skólaráð sem ætlunin er að fundi reglulega.	Feb. 2020	Feb.2020	Skólastjóri	Skólaráð hefur fundað tvisvar – og næsti fundur verður haust 2020

Þáttur 2 – Nám og kennsla

2.1 Inntak og námskrá

Matsmenn sátu í átta kennslustundum auk þess að hafa styttri viðkomu í fleiri stundum m.a. íþróttum. Námsgreinar voru fjölbreyttar má þar nefna íslensku, stærðfræði, list- og verkgreinar og samfélagsfræði auk ensku sem kennd var í fjarnámi.

Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Sérhver nemandi fær nám og kennslu við hæfi. Í námsvísunum er sums staðar gerð grein fyrir grunnþáttum menntunar. Má þar nefna námsvísa frá Tröppu sem eru fyrir eldri deildina í stærðfræði, ensku og upplýsingamennt. Fram kemur í námsvísunum að fyrst og fremst er um einstaklingsmiðað nám að ræða þar sem unnið er að því að efla lykilhæfni nemenda. Ekki er því fjallað um sérstakan stuðning við einstaka nemendur og einstaklingsnámskrár eru ekki gerðar.

Námsvísar eru á heimasíðu en í viðtölum kom fram að þeir eru ekki sérstaklega kynntir fyrir nemendum og foreldrum.

2.2. Árangur náms

Markvisst er fylgst með árangri nemenda og brugðist við þörfum með það að markmiði að efla árangur þeirra. Meðal annars er unnið með niðurstöður námsmats til að auka framfarir nemenda.

Á þessu skólaári hafa verið lagðar fyrir kannanir fyrir foreldra og nemendur til að meta líðan og samskipti nemenda. Þar sem ekki eru til fyrri niðurstöður slíkra kannana er ekki hægt að sjá hvernig staðan er miðað við fyrri ár.

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir viðmiðum um námsmat. Í kennsluáætlunum er víðast hvar gerð grein fyrir námsmati hvernar námsgreinar.

Nemendur taka samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk en oftast er einn nemandi í hverjum árgangi. Eins og áður hefur komið fram eru ekki birtar hér niðurstöður vegna fámennis. Þá hafa kennarar einnig lagt fyrir lesfímiprófið Lesferil.

2.3 Gæði kennslu

Störf kennara endurspegla stefnu og markmið skólans og þeir sýna fagmennsku við kennslu. Þrátt fyrir fámennið er reynt að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta bæði í bóklegum og verklegum greinum.

Markmið kennslu og verkefna eru almennt ekki skráð í kennsluáætlanir eða nemendum gerð grein fyrir markmiðum einstakra kennslustunda og verkefna.

Námsmat tekur mið af hæfniviðmiðum, er fjölbreytt og tekur mið af kennsluháttum, m.a. þjálfast nemendur í sjálfsmati. Í rýnihópi foreldra kom fram að reynt er að koma til móts við og efla sérstök áhugasvið nemenda.

2.4 Skipulag náms

Kennarar og skólastjóri vinna saman að skipulagi náms og kennslu. Skipulag náms gerir fyrst og fremst ráð fyrir aðstæðum til sjálfstæðrar vinnu nemenda. Kennarar fylgjast markvisst með framförum og líðan nemenda og gera þeim og foreldrum þeirra grein fyrir stöðu og næstu skrefum. Þessar upplýsingar fara fyrst og fremst fram í gengum samtöl en skráningar á framförum eða vitnisburði eru ekki skráðar nema að litlu leyti í Mentor sem þó er hægt að nýta til markvissrar skráningar.

Námsumhverfið er hvetjandi til náms og gefur fjölbreytta möguleika. Enda er grenndarsamfélagið markvisst nýtt í skólastarfinum svo sem fjöruferðir, berjaferðir og ferðir til ýmissa náttúruperla í samfélaginu.

Nemendur vinna að hluta til að samþættum verkefnum m.a. má nefna samþættingu upplýsingatækni og ensku og upplýsingatækni og stærðfræði hjá nemendum í eldri deild. Samræður eru nýttar sem hluti af námi og kennslu.

Skóladagatal og kennslustundafjöldi nemenda á viku er í meginatriðum samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár. List- og verkgreinar eru kenndar í smiðjum sameiginlega fyrir bæði yngri og eldri deild. Skólastjóri og kennari sinna þeirri kennslu og reynt er að vinna út frá áhugasviði nemenda eins og hægt er. Sund er kennt á námskeiði á vorönn í sundlaug Hornafjarðar.

2.5 Námsvitund

Nemendur þjálfast í að meta eigið nám og áhugasvið þeirra eru sýnileg í verkefnum. Nemendum eru ekki ljós markmið og og viðmið um árangur sem birt eru í námsvísunum og nemendur kannast almennt ekki við að setja sér markmið í námi.

Nemendur fá þjálfun í fjölbeyttum námsaðferðum og nýta sér mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni. En það virðist óljóst í vitund þeirra hvaða áhrif þau geta haft á nám sitt, námsaðferðir og námsaðstöðu.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu. Á vettvangi kom fram að stuðningur ríkir innan nemendahópsins en fyrst og fremst var um einstaklingsmiðað nám að ræða og ekki samvinnuverkefni. Leitað er sjónarmiða nemenda um nám og líðan þeirra en ekki er til skráð ferli hvernig því er háttað.

Nemendur eiga greiðan aðgang að kennurum og skólastjóra með sínar hugmyndir en þau fá ekki beina kennslu og þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Styrkleikar

- Námsvísar/kennsluáætlanir endurspeglar áherslur á einstaklingsmiðað nám.
- Reglulega er fylgst með árangri og framförum hvers nemanda.
- Unnið er með niðurstöður námsmats og annars mats til að auka framfarir nemenda.
- Kennslufræðileg hæfni kennara er sýnileg í vettvangsathugunum.
- Námsmat tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum.
- Grenndarsamfélagið er markvisst nýtt í skólastarfi.
- Nemendur nýta upplýsinga- og samskiptatækni við að afla sér þekkingar og leikni.
- Nemendur fá þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum.
- Nemendur þjálfast í að meta eigið nám og námsframvindu.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Leitað er sjónarmiða nemenda um líðan og nám.

Tækifæri til umbóta

- Gera grunnþáttum menntunar skil í öllum námsgreinum í námsvísunum.
- Gera rökstudda einstaklingsnámskrá fyrir þá nemendur sem þurfa sértæka aðstoð eða stuðning með aðkomu foreldra.
- Kynna vel námsvísa fyrir foreldrum og nemendum til eflingar náms.
- Skrá markmið kennslu og verkefna í kennsluáætlanir.
- Gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna.
- Auka samvinnu og samstarf nemenda í námi.
- Kenna nemendum að setja sér markmið í námi.
- Gera nemendum ljóst hvaða áhrif þeir geta haft varðandi nám sitt og námsumhverfi.
- Nýta Mentor enn frekar til skráningar á árangri og framförum nemenda.

Umbætur

Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið II – Nám og kennsla					
• Grunnþættir menntunar í öllum námsgreinum	Í vinnslu.	Vor 2020	Vor 2021	Skólastjóri og kennarar	Haust 2020 stefnt að því að kynna fyrir foreldrum á foreldrafundi
• Einstaklingsnámskrá fyrir nemendur	Einstaklingsnámskrár eru gerðar eftir þörfum.	Vor 2020	Haust 2020	Skólastjóri og kennarar	Vor 2021
• Kynna námsvísa fyrir foreldrum og nemendum	Í vinnslu.	Vor 2020	Haust 2020	Skólastjóri og kennarar	Kynnt á foreldrafundi haust 2020 endurmat haust 2021
• Skrá markmið kennslu og verkefna í kennsluáætlanir	Í vinnslu.	Vor 2020	Haust 2020	Skólastjóri og kennarar	Endurmat haust 2021
• Gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna	Verið að vinna í því og stefnt að því að hafa það tilbúið haustið 2020	Haust 2020	Haust 2020- vor 21	Skólastjóri og kennarar	Endurmat á hverju hausti með kynningu fyrir nemendum og foreldrum
• Auka samvinnu og samstarf nemenda í námi	Samstarf er mismikið eftir nemendahópum en reynt að hafa nokkur verkefni yfir veturinn þar sem allur hópurinn er með.	2020	2021	Skólastjóri og kennarar	Þetta er alltaf í vinnslu, mismikið eftir nemendahópum
• Kenna nemendum að setja sér markmið í námi	Stefnan er að nemendur læri að setja sér markmið að hausti 2020.	Haust 2020	Vor 2021	Skólastjóri og kennarar	Á hverju hausti eru nemendur hvattir til að setja sér markmið

<ul style="list-style-type: none"> Gera nemendum ljóst hvaða áhrif þeir geta haft varðandi nám sitt og námsumhverfi 	<p>Unnið er að því að nemendur átti sig á hvað þeir geta gert til að vinna betur að sínu námi og námsumhverfi.</p>	Haust 2020	Vor 2021	Kennarar og skólastjóri	Á hverjum vetri stefnum við að því að fá nemendur til að átta sig á hvaða áhrif þeir geta haft á nám sitt og námsumhverfi
<ul style="list-style-type: none"> Nýta Mentor enn frekar til skráningar á árangri og framförum nemenda 	<p>Stefnum að því að bæta okkur í Mentor eitt skref í einu. Kynnum okkur aðferðir sem nýttar eru í nágrannaskóla á Höfn og Kirkjubæjarklaustri.</p>	Vor 2020	Haust 2021	Skólastjóri og kennarar	Erum að vinna í að bæta okkur í Mentor – þurfum að halda því áfram með því að taka eitt skref í einu

Þáttur 3 – Innra mat

3.1 Skipulag

Í starfsáætlun er fjallað um helstu verkefni sem skólinn hyggst leggja áherslu á, á yfirstandandi skólaári. Fyrir liggur áætlun um innra mat til næstu þriggja ára en áætlun fyrir líðandi skólaár er í vinnslu og ekki komin á heimasíðu.

Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega. Val matsþátta byggist aðallega á líðan nemanda, samstarfi við foreldra, áhuga nemenda á námsgreinum og læsi en ekki á stefnu skólans. Ekki eru skilgreidd viðmið um þann árangur sem stefnt er að eða leiðir að markmiðum.

3.2 Framkvæmd

Nám og kennsla er metið reglulega og er hluti af daglegu starfi kennara og skólastjóra. Innra mat byggist fyrst og fremst á eigindlegum aðferðum þar sem meginlegar aðferðir hæfa ekki svona fámennum skóla.

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð skólastjóra og eins kennara en foreldrar og nemendur eiga þar ekki aðkomu. Þar af leiðir að þeir geta ekki haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats.

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila. Unnið er að gagnaöflunarleiðum sem henta öllum hagsmunaaðilum. Núna er aðallega byggt á könnunum hjá foreldrum og nemendum sem snúa að líðan og námi nemenda. Einnig er byggt á starfsþróunarviðtölum og því sem fram kemur á foreldrafundum.

3.3 Umbætur

Unnið er að greinargerð um innra mat liðins skólaárs, eða sjálfsmatsskýrslu, en hún er þó ekki ennþá opinber. Þar er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta. Einnig að hve miklu leyti markmið skólans hafi náðst og rætt um leiðir til umbóta. Niðurstöður úr innra mati hafa fyrst og fremst verið til umræðu í skólanum en fyrirhugað er að greinargerðin verði kynnt fyrir foreldum á næstu vikum.

Í viðtölum kom fram að brugðist er við ábendingum sem koma fram og gefa til kynna að umbóta sé þörf þó það hafi ekki komið fram í könnunum.

Umbótaáætlun er ekki til staðar þar sem koma fram markvissar aðgerðir, tímasettar þar sem kemur fram hverjir bera ábyrgð á verkefnum og hvenær og hvernig árangur er metinn.

Styrkleikar

- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega.
- Í óútgefinni sjálfsmatsskýrslu er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.
- Skólinn nýtir niðurstöður samræmdra könnunarprófa, skimana og kannana í innra mati.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Í sjálfsmatsskýrslu er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta.

Tækifæri til umbóta

- Vinna árlega innramats áætlun þar sem koma fram markmið, leiðir, viðmið, tímasetningar, ábyrgðaraðilar og þátttakendur.

- Meta markvisst og reglulega stefnu skólans, markmið og helstu viðfangsefni.
- Skipa teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila við innra mat.
- Kynna formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum niðurstöður innra mats.
- Vinna umbótaáætlun þar sem fram kemur tímasetning, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig og hvenær meta á umbætur.

Umbætur

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið III – Innra mat					
<ul style="list-style-type: none"> Innra mat áætlun 	Innra mat er unnið reglulega en þarf að gera markmið, leiðir, viðmið, tímasetningar, ábyrgðaraðila og þátttakendur skýrari og það er ætlun okkar.	Á hverju hausti er nýtt mat	Á hverju vori lýkur mati ársins	Skólastjóri og kennarar	Á hverjum vetri eru lagðar fyrir ýmsar kannanir sem lýkur með niðurstöðum og umbótaáætlun á hverju vori
<ul style="list-style-type: none"> Stefna skólans, markmið og helstu viðfangsefni 	Stefna skólans þarf að vera í sífelldri endurskoðun, bæði markmið og leiðir	Vor 2020	Vor 2021	Skólastjóri, kennarar og skólaráð munu yfirfara og endurskoða	Þegar skólanámskrá er uppfærð er stefna skólans jafnframt endurskoðuð
<ul style="list-style-type: none"> Teymi um Innra mat með hagsmunaaðilum 	Innra mat fer reglulega fram með skólastjóra og kennara og nú er áætlun að skólaráð komi að því mati.	Vor 2020	Vor 2021	Skólastjóri, kennarar og skólaráð	Endurmat fer fram árlega með skólastjóra, kennara og skólaráði
<ul style="list-style-type: none"> Niðurstöður Innra mats 	Niðurstöður hafa yfirleitt verið kynntar á sameiginlegum foreldrafundum og við skólaslit. Nú verður það einnig kynnt og unnið með skólaráði.	Haust 2019	Vor 2020	Skólastjóri og kennarar	Endurmetið á hverju skólaári og kynnt skólaráði og foreldrum og starfsfólki
<ul style="list-style-type: none"> Umbótaáætlun – þar sem kemur fram tímasetning, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig og hvenær meta á umbætur 	Umbótaáætlun kemur fram í skýrslu um Innra mat – en það þarf að bæta við hvernig og hvenær á að meta umbætur og hvort þær hafa tekist.	Vor 2020	Vor 2021	Skólastjóri og kennarar	Umbótaáætlun er gerð eftir hverja sjálfsmatsskýrslu og unnið að endurbótum jafnóðum eins og hægt er

